



### Strandhreinsun á Búðum

Farið var á Búðir í samstarfi við félag Soroptimista þann 26. maí í strandhreinsun með umsjónarkennara Lovísu, stuðningsfulltrúum Sigrúnu og Kristófer Daða ásamt starfsmönnum í þjóðgarðinum. Þegar komið var að Búðum tók á móti okkur Ragnhildur Sigurðardóttir umhverfisfræðingur og fræddi nemendur um jarðfræði og sögu Búða og nærumhverfis. Ásamt því að taka fyrir helstu örnefni í nágrenni við Búðir og sögu Axlar-Bjarnar. Við löbбуðum upp með ströndinni og Ragnheiður sagði okkur sögur á meðan. Á leiðinni til baka tíndum við rusl og enduðum síðan í súpu á Hótel Búðum. Fengum æðislegt veður, hlýtt og gott þennan dag.

